

Lopagalli

STÆRÐIR	80	(98)	CM
Yfirvidd:	60	(65)	cm
Bollengd frá miðju háls máli að aftan	38	(40)	cm
Skálmalengd:	23	(26)	cm
Ermalengd að handvegi:	20	(22)	cm

EFNI

Léttlopi - 50 g dokkur

A – 9434 hárauður	5	(6)
B – 9432 gráfjólublár	1	(2)
C – 1406 vorgrænn	1	(1)
D – 1404 jökulblágrænn	1	(1)
E – 1411 sólgulur	1	(1)

Hringprjónar nr 4½, 40 og 60 cm

Sokkaprjónar nr 3½ og 4½

5 tölur

PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 18 L og 24 umf slétt prjón á prjóna nr 4½. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

AÐFERÐ

Skálmur, bolur, ermar, axlastykki og hetta eru prj í hring. Hálslíning og listi eru prj fram og til baka. Klippt er fyrir lista.

Stroff: *1 L snúin sl, 1 L br*, ent frá * til *.

SKÁLMAR

Fitjið upp 28 (30) L með lit B á sokkaprj nr 3½. Tengið saman í hring og prj 9 umf sl. Prj eina gataumf þannig: *Prj 2 L sl saman, sláið upp á prjóninn*, ent frá * til *. Prj 8 umf sl. Skiptið yfir á prjóna nr 4½ og prj **Munstur 1** og aukið út um 20 (18) L í fyrstu munsturumf => 48 (48) L. Prj 2 umf sl með lit A. Prj áfram með lit A og aukið út um 2 L í næstu umf þannig: Prj 1 L sl, aukið út um 1 L, prj þar til 1 L er eftir af umf, aukið út um 1 L, prj 1 L sl. Aukið þannig út um 2 L í 5. (4.) hverri umf, 7 (9) sinnum til viðbótar => 64 (68) L. Prj sl þar til skálmin mælist 23 (26) cm frá gataumf.


BOLUR

Prj með lit A á prj nr 4½, 64 (68) L á fyrri skálminni og 64 (68) L á seinni skálminni => 128 (136) L.

Merkið með mislitu bandi þar sem skálmarnar mætast (2 merkingar). Tengið saman í hring og prj 2 (3) umf sl.

Næsta umf: prj 1 L sl, prj 2 L sl saman, prj sl þar til 3 L eru að merki, takið 1 L óprj, 1 L sl, steypið óprj L yfir, prj 2 L sl, prj 2 L sl saman, prj sl þar til 3 L eru eftir af umf, takið 1 L óprj, 1 L sl, steypið óprj L yfir, 1 L sl. Prj 2 umf sl.

Endurtakið frá * til * 4 sinnum til viðbótar => 108 (116) L. Prj 1 umf sl. Setjið 2 fyrstu L og 2 síðustu L í umf á aukaband/nælu. Fitjið upp 2 L með lit A sem teljast fyrsta og síðasta L í umf, 106 (114) L. Tengið saman í hring og prj sl, nema fyrstu og síðustu L í umf sem eru prj br. Prj með lit A þar til stykkið mælist 49 (53) cm frá gataumf á skálmum.



ERMAR

Fitjið upp 26 (28) L með lit B á sokkaprjóna nr 3½. Tengið saman í hring og prj líningu eins og á skálmum. Skiptið yfir á prjóna nr 4½ og prj **Munstur 1**, aukið út um 14 (12) L með jöfnu millibili í fyrstu munsturumferð => 40 (40) L. Prj 2 umf sl með lit A, aukið út um 2 L undir miðri ermi í næstu umf og síðan í 6. hverri umf 1 (2) sinnum til viðbótar => 44 (46) L. Prj sl með lit A þar til ermin mælist 20 (22) cm frá gataumf. Setjið 10 (9) L undir miðri ermi á aukaband/nælu => 34 (37) L. Prjónið seinni ermi á sama hátt.

AXLASTYKKI

Sameinið bol og ermar þannig: Prj með lit A 22 (24) L á bol, setjið næstu 10 (9) L á aukaband/nælu, prj fyrri ermina við 34 (37) L, prj 43 (49) L á bol, setjið næstu 9 (8) L á bol á aukaband/nælu, prj seinni ermina við 34 (37) L og prj síðan 22 (24) L á bol => 155 (171) L. Prj **Munstur 2** og takið úr eins sýnt er á teikn. Notið styttri hringprjón eða sokkaprjóna þegar lykkjum fækkar => 60 (66) L.

HETTA

Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 3½. Prj 1 umf sl með lit A. Prj stroff fram og til baka þannig (og takið úr 9 (11) L með jöfnu millibili í fyrstu umf => 51 (55) L):

1. *umf (frá réttu)*: Prj 1 L sl, *1 L br, 1 L snúin sl*, þar til 2 L eru eftir af umf, prj 1 L br, 1 L sl.

2. *umf*: Prj 1 L sl, *1 L snúin sl, 1 L br*, þar til 2 L eru eftir af umf, 1 L snúin sl, 1 L sl.

Ent 1. og 2. umf þar til líningin mælist 4 cm, prj síðustu umf frá réttu.

Skiptið yfir á prj nr 4½. Tengið í hring og prj sl með lit A og aukið út um 16 (12) L jafnt yfir fyrstu umf => 67 (67) L. Prj fyrstu og síðustu L í um br upp hettuna. Prj þar til hettan mælist 22 (24) cm frá síðustu umf á axlastykki. Prj **Munstur 3**, geymið L.

FRÁGANGUR

Gangið vel frá öllum lausum endum. Lykkið saman undir höndum. Saumið í vél með beinu þéttu spori tvisvar í hvora br L fyrir miðju að framan á bol og hettu. Klippið upp á milli L. Lykkið hettuna saman með lit B.

LISTI

Merkið fyrir 5 hnappagötum á hægri boðangi. Staðsetjið neðsta hnappagatið 3,5 cm frá neðri brún á raufinni að framan, það efsta í miðja hálslíninguna og hin með jöfnu bili þar á milli. Setjið 4 L fyrir miðju að framan á sokkaprjón nr 3½. Prj fram og til baka með lit A þannig:

1. *umf (frá réttu)*: Prj 4 L sl, fitjið upp 3 kantL.

2. *umf*: Prj 4 L br, aukið út um 1 L með því að prj þverbandið á milli L snúið sl, 1 L br, aukið út um 1 L eins og fyrr, 1 L br, 1 L sl => 9 L.

3. *umf*: Prj 1 L sl, *1 L snúin sl, 1 L br*, 2 sinnum, 1 L snúin sl, 3 L sl.

4. *umf*: Prj 4 L br, *1 L snúin sl, 1 L br*, 2 sinnum, 1 L sl.


#Endurtakið umf 3 og 4 að staðsetningu á hnappagati, prj síðustu umf frá röngu.

Næsta umf, hnappagat (frá réttu): Prj 1 L sl, 1 L snúin sl, 1 L br, 1 L snúin sl, sláið upp á prjóninn, prj 2 L sl saman, 3 L sl. # Endurtakið frá # til # 5 sinnum. Prj þar til listinn nær að samskeytum efst á hettunni. Saumið listann við boðanginn frá réttu, saumið vð sl L á boðangi og á milli snúnu sl L á lista og kantL sem er næst lista. Prj eins og áður þar til listinn nær að axlastykki á vinstri boðangi, saumið listann við hálslíninguna og hettuna. Prj þar til listinn nær u.þ.b. 1,5 cm niður fyrir raufina á vinstri boðangi. Fellið af. Saumið listann við vinstri boðang. Saumið kantinn þannig niður á röngunni að hann hylji vélsauminn. Festið tölur á móts við hnappagöt.


Lykill

- = A - 9434
- = B - 9432
- = C - 1406
- = D - 1404
- = E - 1411
- N = prj 2 L saman til vinstri (í aftari hluta)
- ∧ = prj 2 L saman
- = engin L

Munstur 1



Munstur 2



Munstur 3

